

Ed.

480. Frumvarp til laga

[172. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1. málsg. óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og flutt samkvæmt tilmælum hennar. Skýringar sjóðstjórnarinnar á efni frv. fara hér á eftir:

Um 1. gr.

Í lögnum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er ekkert tekið fram um það, hvort sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld í 30 ár og þar með öðlazzt hámarksréttindi í sjóðnum, skuli halda áfram iðgjaldagreiðslu eftir það, ef hann gegnir starfi sínu áfram. En það getur auðveldlega komið fyrir, að sjóðfélagi sé búinn að greiða iðgjöld í 30 ár þó nokkrum árum áður en hann hefur rétt til að hætta starfi og fara á eftirlaun. T. d. hefur sjóðfélagi, sem byrjaði starf 25 ára, lokið 30 ára iðgjaldagreiðslu 55 ára, en rétt til þess að hætta starfi og fá eftirlaun fær hann sextugur (samanlagður aldur og þjónustualdur 95 ár). Það mundi valda mikilli óánægju hjá sjóðfélögum, ef þeir væru látnir greiða iðgjöld, eftir að þeir hafa náð hámarksréttindum, enda væri slík iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi gæfi, óeðlileg. En nauðsynlegt er, að ákvæði laganna um þetta atriði séu ótvíræð.

Það skal tekið fram, að ákvæðum þessarar greinar verður ekki beitt til að fella niður iðgjaldagreiðslur þeirra sjóðfélaga, sem keypt hafa sér réttindi samkvæmt 3. gr. laga nr. 40/1945, fyrr en raunverulegur iðgjaldagreiðslutími þeirra er orðinn 30 ár.

Um 2. gr.

Af ákvæðum 1. málsg. 12. gr. laga nr. 101/1943 um, að sjóðfélagi megi hætta störfum og fara á eftirlaun, þegar samanlagður aldur hans og starfsaldur er orðinn 95 ár, leiðir, að margir sjóðfélagar geta farið á eftirlaun löngu fyrir 65 ára aldur og þótt þeir hafi fulla starfsgetu. Til dæmis getur sjóðfélagi, sem byrjar starf 20 ára að aldri, farið á eftirlaun, þegar hann er 57½ árs. Gera má ráð fyrir, að sjóðfélagar, sem fara á eftirlaun svo ungir og meðan þeir eru enn fullhraustir, verði sjóðnum mjög dýrir. Á hinn bóginn getur það oft komið sér illa fyrir ríkið að missa fullvinnandi menn úr starfi svo unga. Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að vera mönnum hvöt til þess að gegna störfum sínum svo lengi sem þeir eru fullfærir til þess, enda þótt þeir hafi öðlazzt rétt til þess að hætta og fá eftirlaun samkv. 95 ára ákvæðinu.

Réttindaaukningunni er stillt svo í hóf, að það er sjóðnum hagur, að hún sé notuð.

Ákvæði þessarar greinar breyta að sjálfsögðu ekki ákvæðum 1. gr. laga nr. 40 1945.